

STJÓRNISYSLA  
&  
STJÓRNISYSLA

# Kynjajafnrétti í íþróttum – á ríkið að tryggja það?

**María Rún Bjarnadóttir**, doktorsnemi við lagadeild Sussex-háskóla  
**Bjarni Már Magnússon**, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík  
**Hafrún Kristjánsdóttir**, lektor og sviðsstjóri íþróttافرæðisviðs Háskólans í Reykjavík  
**Margrét Lilja Guðmundsdóttir**, aðjúnkt við íþróttافرæðisvið Háskólans í Reykjavík

## Útdráttur

Í greininni er lagalegt umhverfi íþróttá á Íslandi kannað með hliðsjón af kynjajafnréttissjónarmiðum með hinni fræðilegu lagalegu aðferð (e. doctrinal method). Þannig eru skoðuð sjónarmið sem legið hafa til grundvallar lagasetningu um íþróttir, innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda og rýnt í hvort jafnréttissjónarmiða gæti í stefnumótun og fjárútlátum stjórnvalda í íþróttamálum. Í ljósi lögbundins hlutverks íslensku íþróttahreyfingarinnar er inntak hennar og uppbygging skoðuð með hliðsjón af sömu sjónarmiðum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru að ríkið er skuldbundið til þess að tryggja kynjajafnrétti í íþróttum. Inntak þeirrar skuldbindingar er þó að einhverju leyti óskýrt. Lagaleg ábyrgð á málaflokknum er nokkuð á reiki vegna sérstöðu íþróttahreyfingarinnar, en fyrirkomulag hreyfingarinnar á sér djúpar sögulegar rætur. Þá er vegna greiningar á milli íþróttá sem tólmstunda- og æskulýðsstarfs annars vegar og sem atvinnugreinar hins vegar vakin athygli á að íþróttafélög á Íslandi reka sum þætti í starfsemi sinni í mismunandi félagaformi. Vegna þessa er hugsanlegt að einhver þeirra þurfi að skýra vinnusamband við afreksíþróttamenn og annað starfsfólk félaganna í ljósi nýlegra ákvæða laga um jafnlaunavottun fyrirtækja. Að lokum eru gerðar tillögur að úrbótum sem beinast bæði



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 14, Issue 2 (107-134)  
© 2018 Contacts: María Rún Bjarnadóttir, [mb602@sussex.ac.uk](mailto:mb602@sussex.ac.uk)  
Article first published online June 21st 2018 on <http://www.irpa.is>  
Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórnmal & stjórnsýsla 2. tbl. 14. árg. 2018 (107-134) Fræðigreinar  
© 2018 Tengiliðir: María Rún Bjarnadóttir, [mb602@sussex.ac.uk](mailto:mb602@sussex.ac.uk)  
Vefbirting 21. júní 2018 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>  
Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2018.14.2.6>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

að ríkisvaldinu og íþróttahreyfingunni, en af niðurstöðum greinarinnar má ljóst vera að svigrúm er til úrbóta í lagaumgjörð, stefnumótun og fjárveitingum til þess að tryggja kynjajafnrétti í íþróttum á Íslandi.

**Efnisorð:** Íþróttir; jafnrétti kynjanna; jafnréttislæg; alþjóðlegar skuldbindingar.

## Gender Equality in Sports — does the state have responsibilities?

### Abstract

The article is the first to explore the Icelandic legal framework for sports with a focus on gender equality. The underlying principles of the current legal framework, domestic and international obligations as well as government policy and funding are analyzed, applying doctrinal methodology. Due to the structural formation of sports in Iceland, the article also examines the Icelandic sports association and to what extent gendered perspectives are reflected in its structure, bylaws and policy. The main conclusion is that the state does have an obligation to ensure gender equality in sports in Iceland. The article suggests some legal uncertainty as regards the extent of this responsibility, not least due to the distributed structure of legal responsibility of sports in Iceland. The distinction between sports as an organized recreational or youth activity on one hand and as a part of the work market on the other, calls for further studies concerning recent legal amendments demanding equal pay for equal work under the Gender Equality Act. The findings of the article highlight that there is room for improvement concerning the promotion of gender equality in Icelandic sports. The authors suggest a number of efforts for public authorities and the sports movement in Iceland to improve the situation.

**Keywords:** Sports; gender equality; gender equality act; international obligations.

### Inngangur

Í íslenskum rannsóknum hafa ýmsir þættir í umgjörð íþróttanna verið rannsakaðir, en engar rannsóknir hafa verið unnar á lagaumgjörð íþróttanna í tengslum við jafnréttismál. Markmið þessarar greinar er að kanna hvernig íslenska ríkinu er skylt að tryggja kynjajafnrétti í íþróttum, á hvaða grundvelli slík skylda er reist og hvort að ríkið hafi horft til sjónarmiða um kynjajafnrétti í stefnumótun sinni og fjárveitingum til íþróttamála. Hér er um ákveðið brauðryðjendaverk að ræða þar sem ekkert hefur verið skrifað um skuldbindingar íslenska ríkisins til að tryggja jafnrétti í íþróttum í íslenskri lögfræði hingað til. Í þessu skyni er lögð til grundvallar hin fræðilega lagalega aðferð (e. doctrinal method) á þeirri lagalegu umgjörð sem íþróttum er markað í íslenskum rétti, með sérstakri áherslu á stöðu og hlutverk ríkisvaldsins. Hin fræðilega lagalega aðferð byggir á lagalegum pósitívisma. Hún felur í sér að réttarheimildir eru rannsakaðar, svo sem lög og reglugerðir, auk þess sem stuðst er við fræðiskrif. Hvað varðar lagarammann eru sjónarmið sem

legið hafa til grundvallar lagasetningu um íþróttir skoðuð og innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda kannaðar. Rýnt er í hvort jafnréttissjónarmiða gæti í stefnumótun stjórnvalda í íþróttamálum og hvort kynjasjónarmið séu notuð við úthlutun ríkisvaldsins á fjármunum til íþróttastarfsemi. Þá er inntak og uppbygging íslensku íþróttahreyfingarinnar skoðuð með hliðsjón af sömu sjónarmiðum, en lagaleg ábyrgð á málaflokknum er nokkuð á reiki vegna sérstöðu íþróttahreyfingarinnar sem á sér djúpar sögulegar rætur. Þannig eru lög og stefnur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og sér-sambandanna þriggja sem fjallað er um í greininni könnuð með hliðsjón af kynjasjónarmiðum. Sér-samböndin sem fjallað er um eru Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ), Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) og Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ). Að auki var leitað til sambandanna um frekari upplýsingar um stöðu jafnréttismála á vegum þeirra.

Í rannsókninni er fjallað um íþróttir í þröngri merkingu. Þannig er fjallað um hefðbundið íþróttastarf á vegum skipulegra íþróttafélaga sem eiga aðild að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ), en sambærileg skilgreining hefur verið lögð til grundvallar við aðrar fræðilegar rannsóknir um íþróttir (Þórólfur Þórlindsson, Viðar Halldórsson, Jónas Hlynur Hallgrímsson, Daði Lárusson & Drífa Pálína Geirsdóttir 2015). Helstu þættir í slíkri starfsemi eru barna-, unglinga- og afreksstarf. Því verður hvorki fjallað um sérstaka íþróttaviðburði á vegum íþróttafélaga eða landshluta- eða sér-sambanda, né heldur um almennt fyrirkomulag eða innra starf íþróttafélaga. Rannsóknin afmarkast enn fremur við þær hefðbundnu hópíþróttir sem njóta mestra vinsælda hér á landi; handknattleik, knattspyrnu og körfuknattleik.

Aðeins er fjallað um hlutverk stjórnvalda í þröngum skilningi, það er ríkisvaldsins. Greinin er fyrri hluti niðurstaðna lögfræðihluta viðameiri þverfaglegrar rannsóknar á vegum Háskólans í Reykjavík um kynjajafnrétti í íþróttum. Síðari hluti lögfræðirannsóknarinnar varðar lagalega stöðu og hlutverk sveitarfélaga til þess að tryggja jafnrétti kynjanna í íþróttum, en sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki í íþróttastarfsemi á Íslandi.<sup>1</sup>

## 1. Lagaleg umgjörð íþróttá á Íslandi

### 1.1 Upphaf íþróttalaga

Íþróttir hafa löngum verið þáttur í íslensku samfélagi og ber löggjöfin þess merki. Til að mynda er fjallað um íþróttir í 13. kapitula Jónsbókar, lögbók Íslendinga frá árinu 1281. Enn er stuðst við kapítulann í íslenskri dómafrankvæmd í málum sem varða hugsanlegan bótarétt einstaklinga sem slasast í íþróttum, en í því er kveðið á um að með þátttöku í íþróttaleik undirgangist einstaklingar ákveðna áhættu um að verða fyrir meiðslum (sjá t.d. Hrd. 6. apríl 2017 í máli nr. 457/2016).

Árið 1938 var skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem gerði tillögur um „eflingu íþróttastarfs og líkamsræktar með þjóðinni og taka íþróttamál í landinu jafnframt til gagngerrar athugunar“ (Íþróttabandalag Hafnarfjarðar 2017). Tillögur nefndarinnar voru lagðar til grundvallar við vinnu að frumvarpi til íþróttalaga sem varð að lögum árið 1940. Af umfjöllun um undirbúning við setningu laganna og umræðum

á Alþingi við meðferð frumvarpsins má ráða að nokkuð hafi verið tekist á um hvort Ungmennafélag Íslands eða Íþróttasamband Íslands skyldu hafa sambærilegt hlutverk á grundvelli laganna. Tilgangur lagasetningarinnar var ekki að „leggja íþróttirnar undir ríkisvaldið“ og að engin ákvæði í frumvarpinu skyldu „[...] að neinu leyti nálgast það“ (Hermann Jónsson 1939). Löggin mörkuðu þáttaskil, enda hafði starf íþróttafélaga fyrst og fremst verið byggt á hugmyndum, framlagi og ábyrgð einstakra manna og félaga og að mestu fjármagnað með samskotum og söfnunum án aðkomu stjórnvalda (Sigurður Á. Friðþjófsson 1994). Með setningu laganna árið 1940 varð hlutverk ríkisvaldsins hvað varðar íþróttir bæði sértækt og almennt í lögum. Þannig var með lögnum því skipað í nokkrum smáatriðum hvernig sundkennslu barna skyldi háttað, en einnig komið á laggirnar íþróttanefnd sem í sátu fulltrúar íþrótt- og æskulýðssamtaka og hafði stefnumótandi hlutverk varðandi fjárútlát stjórnvalda til íþróttar (Íþróttalög nr. 25/1940).

Þó að með *Forsætisráðgjafi um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 84/2017* fari mennta- og menningarmálaráðuneyti með umsjón íþróttar- og æskulýðsstarfs, hefur skipulagi íþróttaiðkunar á Íslandi verið lýst þannig að því sé almennt stýrt með miðlægri stefnumótun en framkvæmdin sé dreifstýrð. Í því felist að íþróttir sem málaflökkur sé á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en að skipulag íþróttamála sé aðallega í höndum sveitarfélaga (Utánríkisráðuneytið e.d.). Samstarfsgrundvöllur ríkis og sveitarfélaga við íþróttahreyfinguna er svo nánar markaður með ákvæðum íþróttalaga (Íþróttalög nr. 64/1998, 2. gr.).

## 1.2 Gildandi Íþróttalög

Gildandi Íþróttalög nr. 64/1998 tóku gildi árið 1998. Að undanskildum breytingum er varða eftirlit með lyfjanotkun í íþróttum hafa ekki orðið efnislegar breytingar á ákvæðum laganna. Í 1. gr. þeirra er hugtakið íþróttir skilgreint þannig að það taki til hvers konar líkamlegrar þjálfunar er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti. Þá er með ákvæðinu undanskilin sú íþróttaiðkun er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu sem síðar varð að umræddum lögum kemur fram að við undirbúning frumvarpsins hafi hliðsjón verið höfð af tillögum nefndar sem mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði árið 1992 til að endurskoða þágildandi íþróttalög. Nefndin skilaði drögum að frumvarpi ásamt greinargerð í mars 1994. Þá voru og til hliðsjónar tillögur nefndar um eflingu íþróttastarfs sem ráðuneytið skipaði í samræmi við ályktun Alþingis frá 16. maí 1997, en sú nefnd skilaði álitgerð í byrjun desember 1997 (Þingskjal 149, 2007-2008).

Alþingi samþykkti með þingsályktun árið 1992 að efla íþróttaiðkun kvenna og fól ríkisstjórninni að:

[B]eita sér fyrir því að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna. Áhersla verði lögð á mikilvægi íþróttar í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerðir til að bæta heilsu og vinnuþrek. Fjárframlög ríkisins til íþróttar skulu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði (Þingskjal 194, 1991-1992).

Fjórum árum síðar óskaði Alþingi með ályktun sinni árið 1996 eftir tillögum um hvernig mætti vinna frekar að framgangi kvenna í íþróttum og skipaði nefnd til að móta stefnu í íþróttum kvenna og stúlkna. Nefndin skilaði tillögum sínum ári síðar (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 1997). Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kom fram að ekki hefði verið brugðist við fyrrgreindri samþykkt Alþingis og að ekki hefði farið fram skipulögð vinna til að bregðast við þeim sjónarmiðum sem Alþingi kallaði eftir að fengju aukin brautargengi (Þingskjal 61, 1995). Það vekur því athygli að í greinargerð sem fylgdi með frumvarpi, sem varð að gildandi íþróttalögum, er ekki að finna umfjöllun eða tilvísun til þingsályktunartillögunnar frá 1992, nefndarinnar um aukinn hlut kvenna í íþróttum frá 1997 eða tillagna nefndarinnar. Í ljósi þessa mætti með einföldun segja að með þessu hafi framkvæmdavaldið ekki unnið í samræmi við vilja Alþingis um að vinna sjónarmiðum um jafnrétti kynjanna í íþróttum á Íslandi brautargengi.

Á grundvelli íþróttalaganna fer mennta- og menningarmálaráðuneytið með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Ráðuneytinu er falið að afla upplýsinga um iðkun íþróttá, aðstöðu til íþróttaiðkunar og stuðla að rannsóknum á mál-efnasviðinu og ennfremur að standa fyrir og fjármagna lyfjaeftirlit í íþróttum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, en heimilt er að útvista verkefninu með þjónustusamningi (Íþróttalög nr. 64/1998, 1., 2. og 3. gr.). Hvað varðar hlutverk ríkisvaldsins almennt er af ákvæðum laganna ljóst að meginstef fyrstu íþróttalaganna er enn við lýði. Þannig er því lýst í 2. gr. íþróttalaga að „[m]eginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði“. Jafnframt segir í sömu grein: „Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnarstarf“. Til stuðnings þessu skipulagi kveða lögin á um að ráðherra skipi íþróttanefnd til fjögurra ára í senn, en tilnefningaraðilar eru ÍSÍ, stjórn Ungmennafélags Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og íþróttakennaraskor Kennaraháskóla Íslands. Hlutverk hennar er að vera ráðherra til ráðgjafar um íþróttamál og gera tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum og úr Íþróttasjóði sem starfar samkvæmt íþróttalögum.

Í fyrstu heildarlöggjöf um íþróttir frá árinu 1940 er í 14. gr. kveðið á um að: „í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til að stunda útiþróttir, eftir því sem fært þykir og staðhættir eru til. Ennfremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í íslenzkri glímu“ (Þingskjal 517, 1939, 14. gr.). Engin sambærileg ákvæði, þar sem gerður er kynbundinn greinarmunur á heimildum eða skyldum hvað varðar íþróttir, er að finna í gildandi löggjöf. Ekki er heldur fjallað um jafnréttismál, eða stöðu kynjanna, með sérstökum hætti í löggjöfinni. Þannig er ekki gerður lagalegur greinarmunur á íþróttaiðkun kynjanna, fjármunum sem skuli leggja til íþróttaiðkunar eða annarra sjónarmiða sem eiga rætur í jafnrétti kynjanna í gildandi íþróttalögum.

### 1.3 Íþróttastefna

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út sérstaka íþróttastefnu. Þar kemur fram að hún sé sameiginleg stefnu þeirra aðila sem beri ábyrgð á málaflokknum, þ.e. ríkis,

sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar, og að mikilvægt sé að þessir aðilar hafi með sér samráð og samstarf við framkvæmd stefnunnar og í málaflöknum í heild. Sérstaklega er tilgreint að grundvallarsjónarmiðin sem stefnan byggir á séu þau að almennt íþróttastarf á Íslandi skuli skipulagt af frjálsum félagasamtökum. Í stefnunni er fjallað um það sem tilgreint er sem helstu þættir íþróttar í félagastarfi og hvernig opinberir aðilar og atvinnulíf geti stutt við það starf. Stefnumni er skipt í fimm meginþætti; íþróttir í skólustarfi, menntun og rannsóknir, lyfjaeftirlit, íþróttamannvirki og afreks- og keppnisíþróttir auk þess sem tilgreindar eru aðgerðir og markmið sem áhersla verði lögð á. Aðeins er fjallað um kyn hvað varðar íþróttastarf í skólum, en sú starfsemi er á ábyrgð sveitarfélaga. Í því samhengi er fjallað um að stefnt sé að því að börnum og ungmönnum verði tryggð jöfn tækifæri til að iðka íþróttir og að sérsamböndum íþróttahreyfingarinnar verði gert kleift að vinna að fræðslu og útbreiðslu íþróttar hjá báðum kynjum (mennta- og menningarmálaráðuneyti e.d.). Þá kemur fram að hún taki taki mið „af þeim lagaskyldum sem ríkið hefur samkvæmt íþróttalögum, alþjóðalögum og samningum sem tengjast opinberum aðilum og frjálsum félagasamtökum, sem fara með íþróttamáli í landinu“, en að auki séu framlög á fjárlögum til íþróttamála og áherslur ráðuneytisins birtingarmynd stefnunnar á hverjum tíma. Ekki er nánar tilgreint hvaða laga eða réttarheimilda þjóðaréttar var litið til í þessu skyni. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017, hvað varðar íþróttir, er sérstaklega fjallað um markmið og aðgerðir sem fjárveitingin á að styðja við (Þingskjal 1, 2016-2017). Aukinn þáttur kvenna í íþróttum eða kynjajafnrétti er ekki þar á meðal. Af þessu er ljóst að kynjajafnrétti hefur ekki verið sérstakur áhersluþáttur í þeirri stefnumótun sem stjórnvöld hafa unnið að á undanförunum árum á sviði íþróttar. Gildistími stefnunnar er frá 2010 til 2015 og var áætlað að hún yrði endurmetin að gildistímanum loknum. Ekki er að finna opinberlega endurgjöf á framkvæmd stefnunnar eða drög að nýrri stefnu á vegum ráðuneytisins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið e.d.).

#### 1.4 Áhrif jafnréttissjónarmiða á lagalega umgjörð og stefnumótun stjórnvalda um íþróttir

Eins og fram hefur komið gæti áhrifa kynjasjónarmiða varla í löggjöf og stefnumótun stjórnvalda á sviði íþróttar. Með gildistöku fyrstu jafnréttis laga á Íslandi, laga um jafnan rétt og stöðu karla og kvenna árið 1976, var mótuð opinber stefna um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (Lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976). Þeim hefur verið lýst þannig að með lögunum „hafi skapast lögbundin fordæmisskylda á stjórnvöldum að vinna að því að jafnrétti kæmist á í raun“ (Guðbjartur Hannesson 2007-2008). Þó svo að við þinglega meðferð frumvarpsins sem varð að lögunum hafi hugtakið á öllum sviðum samfélagsins verið fellt út úr ákvæði sem fjallaði um gildissvið laganna, verður varla dregin ályktun um að gildissvið þeirra hafi ekki átt að ná til íþróttar. Fremur virðist tilgangurinn hafa verið sá að koma í veg fyrir misskilning um að löggjöfin gildi í einkasamskiptum fólks (Brynhildur G. Flóvenz 2007).

Með setningu gildandi jafnréttis laga árið 2008 voru tekin af öll tvímæli um gildissvið þeirra og markmiði þeirra lýst þannig að þau ættu að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum



samfélagsins (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008). Fjallað er um að markmiðinu skuli náð með því að m.a. gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins, bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu og vinna gegn launamiséttu og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði. Aðeins er fjallað um íþróttir í einu ákvæði laganna, en í 23. gr. er kveðið á um að kynjasambættingar skuli gæta við alla stefnumótun og áætlunargerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tólmstundastarfi. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu var falið eftirlitshlutverk með þessu og sérstökum jafnréttisfulltrúa innan ráðuneytisins falið að fylgja eftir kynjasambættingu í öllu skóla- og uppeldisstarfi. Þessir þættir varða aðeins íþróttir í skólum, sem samkvæmt íþróttalögum og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru verkefni sveitarfélaga.<sup>2</sup>

Á grundvelli 11. gr. jafnréttislaga samþykkir Alþingi sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Tilgangur slíkrar áætlunar er að stuðla að raungerð jafnréttis kynjanna og stjórnvöldum gert að áætla fjárveitingar til þeirra verkefna sem fjallað er um í áætluninni. Í framkvæmdaáætlun um jafnréttismál fyrir árin 2016 – 2019 er fjallað um jafnrétti kynjanna í íþróttum (Þingskjal 1284, 2016-2019). Þar segir:

Á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar verði þátttaka kvenna í íþróttum efl. Aðgerðir miði að því að konur hætti síður iðkun íþróttá á unglingsárum, taki þátt í stjórnnum íþróttafélaga til jafns við karla, verði virkari sem þjálfarar og dómara sem og í öllu íþróttastarfi. Umfjöllun um íþróttir í fjölmiðlum verði skoðuð. Tímaáætlun: 2016–2019. Kostnaðaráætlun: 2 millj. kr. Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Athygli vekur að markmið framkvæmdaáætlunarinnar eru efnislega sambærileg þeim sem fyrrgreindri nefnd um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna var falið að vinna tillögur að með þingsályktun árið 1996 (Þingskjal 61, 1995). Tillögur þeirrar nefndar voru kynntar Alþingi árið 1997 en hlutverk hennar samkvæmt skipunarbréfi var að gera tillögur um hvernig efla mætti íþróttir stúlkna og kvenna, minnka mætti brotthvarf stúlkna úr íþróttum á unglingsárunum, kanna hvaða fjármagni væri veitt til stúlkna- og kvennaíþróttá, hver umfjöllun fjölmiðla væri um íþróttir stúlkna og kvenna, hver skipting kynjanna væri í forystu íþróttahreyfingarinnar og að kanna hvað gert hefði verið erlendis í átt til úrbóta í þessum efnum Tillögur nefndarinnar tóku á öllum þeim þáttum sem nefndinni var falið að kanna. Þær lutu m.a. að því að fjármagni yrði veitt jafnt til íþróttaiðkunar karla og kvenna og að eftirliti yrði komið á til þess að tryggja þetta, til dæmis með því að Ríkisendurskoðun fengi ársreikninga aðildarsambanda til skoðunar. Þá lagði nefndin til að sérstakri jafnréttisnefnd yrði komið á laggirnar í starfsemi ÍSÍ sem væri til ráðgjafar við að koma sjónarmiðum um kynjajafnrétti til framkvæmda. Tillögur lutu einnig að menntun og fræðslu til barna- og ungmenna og ekki síst þeirra sem störfuðu innan íþróttahreyfingarinnar (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 1997).

Eins og að framan greinir er ekki að sjá að tillögur nefndarinnar hafi legið til grund-

vallar við setningu gildandi íþróttalaga. Einhver vísbending um árangur við að vinna sjónarmiðum um kynjajafnrétti í íþróttum birtist þó líklega í því að efnislega sambærilegar tillögur koma fram á vettvangi Alþingis með um 20 ára millibili. Það virðist því svigrúm til aðgerða af hálfu ríkisvaldsins til að gera betur í að stuðla að jafnrétti kynjanna í íþróttum í gegnum reglusetningu og stefnumótun.

## 2. Íslenska íþróttahreyfingin

### 2.1 Íþróttá- og ólympíusambandið

Íþróttá- og ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) á rætur sínar í Íþróttasambandi Íslands sem stofnað var 28. janúar 1912. Samkvæmt tölfræði sambandsins stunduðu 99.391 einstaklingar, eða rúm 29% þjóðarinnar, íþróttir í íþróttafélagi sem á aðild að sambandinu (Íþróttá- og ólympíusamband Íslands 2017a), en ÍSÍ hefur verið lýst sem stærstu fjölda-hreyfingu á Íslandi (Forseti Íslands 2017). ÍSÍ hefur sett reglur um skráningu félagsmanna, iðkenda og keppenda í íþróttafélögum. Þar er gert ráð fyrir að félög haldi skrá um aldur, heimilisfesti og íþróttagrein iðkenda, en ekki um kyn þeirra (Íþróttá- og ólympíusamband Íslands 2011b). Engu að síður er tölfræði sambandsins kyngreinanleg, en þar kemur fram að karlkyns iðkendur eru fleiri en kvenkyns. Þannig eru 19% iðkenda konur yfir 16 ára aldri, 20% stúlkur, piltar undir 16 ára aldri 25% og karlar 36% iðkenda. Konur og stúlkur eru því samstals 39% íþróttaiðkenda á Íslandi (Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands 2017a). Rannsóknir sýna almennt að aukning í íþróttáþátttöku síðustu ára er hvað mest hjá þeim hópum sem síst stunduðu íþróttir um miðja tuttugustu öldina, eins og meðal stúlkna og kvenna, ungra barna, fatlaðra og aldraðra (Þórólfur Þórlindsson o.fl. 2015). Þá gefur tölfræði til kynna að kynin stundi ekki allar íþróttir í jöfnum hlutföllum (Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar 2016).

Meginmarkmið ÍSÍ er að efla, samræma og skipuleggja allt íþróttastarf á Íslandi, en sambandið hefur margþætlan tilgang. Einn þátturinn er að tryggja drengilega keppni og berjast gegn hvers kyns mismunun og ofbeldi í íþróttum (Íþróttá- og ólympíusamband Íslands 2015). Samkvæmt lögum sambandsins starfar það sjálfstætt og „ber að hafna öllum þrýstingi, hvort sem hann er af pólitískum, trúarlegum eða efnahagslegum toga“ (Íþróttá- og ólympíusamband Íslands 2015, 1.4 gr.). Í síðareglum sambandsins kemur fram að einstaklingar sem starfi á vegum þess skuli ekki misþjóa virðingu einstaklinga eða hópa einstaklinga t.d. vegna kynferðis þeirra eða trúarskoðana (Íþróttá- og ólympíusamband Íslands 2011d). Þá kemur fram í reglum sambandsins um auglýsingar að auglýsingar sem varða stjórnmál eða trúmál, brjóta gegn jafnrétti kynjanna eða almennu velsæmi séu ekki heimilar í íþróttamannvirkjum eða annars staðar þar sem íþróttir eru stundaðar. Þetta á þó aðeins við um það þegar íþróttir fara fram, ekki þegar annars konar viðburðir eiga sér stað í íþróttamannvirkjum (Íþróttá- og ólympíusamband Íslands 2011a).

Samkvæmt ákvæðum íþróttalaga er ÍSÍ æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar (Íþróttalög nr. 64/1998, 5. gr.) Í krafti hins lögbundna hlutverks síns hefur ÍSÍ skipulagningar- og samræmingarhlutverk gagnvart þeim íþróttum sem eru hluti af íþróttahreyfingunni. Sér sambönd eru starfrækt



fyrir hverja íþrótt. Þau starfa sjálfstætt í samræmi við eigin lög og lúta reglum ÍSí hvað varðar ýmsa þætti starfsemi sinnar. Að auki eiga sérsamböndin aðild að alþjóðlegum sér-samböndum fyrir hverja íþróttagrein og eru skuldbundin til þess að starfa eftir reglum og viðmiðum frá viðkomandi sambandi. Óháð skiptingu eftir íþróttagreinum er innra skipulag sambandsins stigskipt. Þannig starfa héraðssambönd og íþróttafélög á svæðis-skiptum grundvelli (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands e.d.-d.). Tilgangur þeirra er að samnýta íþróttastöðu og sinna skipulagi íþróttá á hverju svæði. Íþróttafélög sem starfa á viðkomandi svæði eru svo aðilar að svæðisfélagi. Til að félög teljist íþróttafélög í skilningi ÍSí þurfa þau að hafa *iðkun íþróttá* á stefnuskrá sinni (Þórolfur Þórlindsson o.fl. 2015). Reglur ÍSí fjalla ekki um hvort iðkun íþróttá í skilningi sambandsins taki til sérstakra aldurshópa, kyns eða getu. Af ákvæðum laga má þó ráða að íþróttastarf sem ekki er hluti af skólastarfi eða fyrir *almennung* skuli skipulagt og stýrt af ÍSí. Það felur í sér bæði starfsemi barna- og unglingastarfs og afreksíþróttá (Íþróttalög nr. 64/1998 1., 5., 7., og 11. gr.).

### 2.1.1 Handknattleikssamband Íslands

HSÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSí (Handknattleikssamband Íslands e.d.). Samkvæmt tölum frá ÍSí voru tæplega 8.500 iðkendur í handknattleik árið 2015 og er meginþorri iðkenda í stærstu sveitarfélögum landsins (Handknattleikssamband Íslands 2017). Hlutverk HSÍ er m.a. að sjá um reglur varðandi handknattleik á Íslandi og ber að gæta þess að þær séu í samræmi við alþjóðareglur og reglur og ákvarðanir ÍSí. HSÍ fer með aðild gagnvart alþjóðlegum handknattleikssamböndum sem starfa til að mynda í Evrópu (EHF) og á alþjóðavísu (IHF) og setja reglur sem HSÍ þarf að gæta að séu í gildi og framfylgt í íslensku samhengi. Þá er tilgreint í lögum HSÍ að það starfi sjálfstætt, sé hlutlaust varðandi stjórnmál og trúarbrögð og skuli gæta jafnréttis og jafnræðis í starfsemi sinni (Handknattleikssamband Íslands e.d.). Þess er getið að allir skuli vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Þá skulu aðilar njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti (Handknattleikssamband Íslands e.d.). Ekki er kveðið á um kynjakvóta í nefndum eða stjórnnum á vegum sambandsins (Handknattleikssamband Íslands e.d.). Þá er ekki gerður greinarmunur á kröfum sem gerðar eru til þjálfara eftir því hvers kyns iðkendur eru (Handknattleikssamband Íslands e.d.).

### 2.1.2 Knattspyrnusamband Íslands

KSÍ var stofnað árið 1947 og er æðsti aðili knattspyrnumála á Íslandi. KSÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSí, sem iðka og keppa í knattspyrnu. Hlutverk KSÍ er m.a. að setja íslenskri knattspyrnu lög og reglur og að framfylgja þeim, að standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnu og heiðarlegan leik og koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnu á Íslandi. Þetta felur m.a. í sér aðild að evrópska knattspyrnusambandinu (UEFA) og því alþjóðlega (FIFA) (Knattspyrnusamband Íslands 2018).

Skráðir iðkendur í knattspyrnu eru rúmlega 22 þúsund talsins (Knattspyrnusamband Íslands 2016), en KSÍ áætla að þegar tillit er tekið til iðkenda sem leika knattspyrnu í utandeildum eða félagsskap, sem ekki á aðild að KSÍ, séu reglubundnir iðkendur um 30 þúsund. ÍSÍ áætla að knattspyrna sé fjölmennasta íþróttin á Íslandi (Íþróttta- og ólympíusamband Íslands e.d.-f.). Af heildarfjölda skráðra knattspyrnuíðkenda er um þriðjungur konur. Um 15 þúsund af heildarfjölda iðkenda í félögum sem eiga aðild að KSÍ eru 15 ára eða yngri (Knattspyrnusamband Íslands e.d.-a).

Samkvæmt lögum sambandsins starfar KSÍ að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnmál og trúarbrögð. KSÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum KSÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætt-ernis og stöðu að öðru leyti (Knattspyrnusamband Íslands 2018). Þjálfararstefna KSÍ er ekki kynjuð og þar er ekki sérstaklega fjallað um kyn (Knattspyrnusamband Íslands e.d.-b). KSÍ hefur eitt aðildarsambandanna þriggja sem hér er fjallað um sett sér jafnréttisáætlun fyrir starfsemi sína. Hún var samþykkt á ársfundi sambandsins í febrúar 2008 og er aðgengileg á heimasíðu sambandsins. Markmið stefnunnar er að tryggja jafna möguleika allra til þess að iðka knattspyrnu á Íslandi og fram kemur að efni hennar byggji á gildandi lögum og mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að. Í stefnunni er sett fram aðgerðaráætlun fyrir árin 2008 – 2009, sem felur m.a. í sér stofnun stöðu jafnréttisfulltrúa sambandsins og átaks í að fjölga konum í dómara- og þjálfarastétt, auk stjórnar á vegum sambandsins (Knattspyrnusamband Íslands 2008). Enn sem komið er hefur ekki verið gerð önnur áætlun, en samkvæmt upplýsingum frá KSÍ samþættir sambandið kynjasjónarmið í starfsemi sinni m.a. með því að tveir af stjórnarmönnum sambandsins eru jafnréttisfulltrúar til að tryggja vægi jafnréttissjónarmiða í starfsemi þess. Hvað varðar útgjöld og kostnað vegna landsliðsverkefna er greint á milli kynja, en ekki er greint á milli kynja sérstaklega í fjárhagsáætlunum sambandsins að öðru leyti. (Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, munnleg heimild, tölvupóstur 19. september 2017).

### 2.1.3 Kjörfuknattleikssamband Íslands

KKÍ var stofnað 29. janúar 1961. Rúmlega 7.100 einstaklingar stunda kjörfuknattleik á Íslandi (Íþróttta- og ólympíusamband Íslands 2017). KKÍ er samband kjörfuknattleiksráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga sem iðka eða keppa í kjörfuknattleik og er æðsti aðili um öll kjörfuknattleiksmál innan vébanda ÍSÍ. Það kemur fram gagnvart erlendum sérsamböndum á borð við hið alþjóðlega (FIBA) og Evrópudeild þess (FIBA-EURO). Í þessu felst að tryggja að reglur um íþróttina og framkvæmd samræmist þeim viðmiðum sem fylgja aðild að hinum erlendu samböndum. Dæmi um þetta er stærð valla sem leikið er á í keppnum félagsliða og aðbúnaður á keppnisstað þegar spilaðir eru leikir í undankeppnum erlendra stórmóta. Samkvæmt lögum KKÍ fer stjórn þess, Kjörfuknattleiksþing og reglulegir formannafundir félaga sem eiga aðild að sambandinu með stjórn á málefnum félagsins. Kjörfuknattleiksþingið fer með æðsta vald í málefnum sambandsins. Þingmenn eru fulltrúar þeirra sem eiga aðild að sambandinu og uppfylla

lögbundin skilyrði og fer fjöldi fulltrúa á þinginu m.a. eftir því í hvaða deild viðkomandi íþróttafélag spilar á leikúmabilinu. Sambærileg sjónarmið eru lögð til grundvallar fyrir karla- og kvennalið (Körfuknattleikssamband Íslands 2011). Í síðareglum sambandsins er fjallað um að stjórnarmenn og aðrir sem koma fram fyrir hönd sambandsins, þjálfarar og dómara skuli „gæta þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnmálaskoðanir“. Þá er stjórnarmönnum og fyrirvarsmönnum félagsins sérstaklega uppálagt að stuðla að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í körfuknattleik, en ekki er fjallað sérstaklega um kynjajafnréttismál á vegum sambandsins (Körfuknattleikssamband Íslands e.d.).

## 2.2 Ungmennafélag Íslands

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) var stofnað árið 1907. Í sögulegu samhengi hefur ungmennafélagshreyfingin haft mikið að segja um ástundun og framgang íþróttá á Íslandi. Hlutverk hennar og Íþróttasambands Íslands, fyrirrennara ÍSÍ, hefur um margt skarast og haft áhrif við lagasetningu í málaflokknum. Af umfjöllun og lagaumhverfi má ráða að þáttur ungmennahreyfingarinnar í íþróttamálum á Íslandi sé þó nokkur. Sem dæmi skipar UMFÍ jafnmarga fulltrúa og ÍSÍ í íþróttanefnd sem starfar á grundvelli íþróttalaga. UMFÍ hefur það að markmiði að rækta lýð og land. Í 3. gr. laga félagsins er sérstaklega kveðið á um að það skuli „[s]tanda fyrir iðkun íþróttá og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu“. Verkefni félagsins bera þessa merki, en þeirra á meðal eru fræðsla og námskeið um lýðræði og félagsstarf, en einnig landsmót ungmennafélagshreyfingarinnar sem fara fram með þrenns konar hætti (Ungmennafélag Íslands 2015). Árlega fer fram unglíngalandsmót um verslunarmannahelgi, en mótinu er lýst sem *fjölskyldu- og íþróttahátíð*. Félagið stendur einnig fyrir landsmóti fyrir fólk yfir fimmtugu þar sem keppt er í íþróttum og ýmsu öðru á borð við pönnukökubakstur. Þá stendur félagið fyrir landsmóti á fjögurra ára fresti þar sem keppt er í ýmsum íþróttagreinum (Ungmennafélag Íslands, e.d.-a.). Alls eru um 340 félög innan UMFÍ með rúmlega 160 þúsund félagsmenn. Umsóknir um aðild eru teknar fyrir á aðalfundi, en lög umsóknarfélaga þurfa að samræmast markmiðum UMFÍ svo að þau geti átt aðild að því. Því má ljóst vera að íþróttafélög í skilningi íþróttalaga geta einnig verið félagar í UMFÍ, en í lögum UMFÍ er ekki að finna ákvæði um að aðild félags að ÍSÍ komi í veg fyrir aðildarhæfi þess gagnvart UMFÍ. Dæmi um þetta eru ungmennafélögin Njarðvík, Keflavík og Fjölnir. Öll þessi félög eiga aðild að UMFÍ, en starfrækja einnig íþróttastarfsemi í skilningi íþróttalaga og eiga aðild að ÍSÍ sem slík (Ungmennafélag Íslands, e.d.-b.). Starfsemi UMFÍ er fjármögnuð með framlögum frá aðildarfélögum. Þá fær félagið tekjur af starfsemi lottó og í reglugerð félagsins er fjallað um hvernig skipting lottótekna eigi sér stað á milli aðildarfélaga og félagsins (Ungmennafélag Íslands 2013a). Yfirskrift síðareglna UMFÍ er *Virðing – jafnrétti – lýðræði – ábyrgð*, en ekki er fjallað sérstaklega um kynjajafnrétti eða kynjuð sjónarmið í reglunum né heldur í lögum UMFÍ (Ungmennafélag Íslands 2013b, 2015).

### 2.3 Fjármögnun

Framan af var íþróttahreyfingin fjármögnuð af einkaframtaki og fjáröflun áhugasamra einstaklinga (Sigurður Á. Friðbjósson 1994). Við setningu fyrstu íþróttalaganna árið 1940 var tilgangur lagasetningarinnar ekki síst að veita umgjörð og eftirlit með fjárstuðningi stjórnvalda við íþróttahreyfinguna. Í ræðu forsætisráðherra í umræðum um frumvarpið sem varð að íþróttalögum kom fram að öllum væri frjálst að stunda íþróttir án afskipta ríkisvaldsins: „Aðeins vill ríkið vita vissu sína um það, að þeim styrkjum, sem það veitir, sé varið hagkvæmlega“ (Hermann Jónsson 1939).

Stuðningur ríkisvaldsins við íþróttastarfsemi hefur þó ekki komið í stað framlaga einstaklinga og iðkenda. Við setningu gildandi heildarlaga um íþróttir kom fram í almennum athugasemdum með frumvarpinu að umgjörð, umfang og fjármögnunarmöguleikar íþróttá Íslandi hefði tekið svo miklum stakkaskiptum frá 1958, þegar þágildandi lög, voru sett, að nauðsyn þætti að setja ný heildarlög. Í þessu samhengi var m.a. vísað til möguleika íþróttahreyfingarinnar á að afla tekna með sjónvarpssýningum frá íþróttaviðburðum (Þingskjal 774, 1997-1998). Tekjuliðir íþróttahreyfingarinnar, ÍSÍ, sársambanda og íþróttafélaga eru margþættir og er fjárframlag ríkisvaldsins aðeins einn þáttur í þeirri mynd. Þá koma til framlög frá sveitarfélögum og Íslenskri getsþá og Íslenskum getraunum, tekjur af eigin rekstri, sölustarfsemi eins og tekjum við að halda íþróttamót, félagsgjöldum og æfingagjöldum, auglýsingakaupum og öðrum framlögum styrktaraðila, auk fjármagns sem kemur til í gegnum aðild að alþjóðastarfi (Þórólfur Þórlindsson o.fl. 2015; Íþróttá- og ólympíusamband Íslands 2017a).

#### 2.3.1 Fjárframlög ríkisvaldsins

Árið 2016 runnu 681,5 milljónir í fjárlagaliðinn 02-989 *Ýmis íþróttamál* (Fjárlög 2016 nr. 134/2015). Þar er tilgreint að fjármagnið fari m.a. til reksturs ÍSÍ, í ferðasjóð sambandsins og til uppbyggingar tiltekinna íþróttamannvirkja. Þá var 700 þúsund kr. veitt í liðinn 1.91 *Styrkir á sviði íþróttá- og æskulýðsmála*. Undir liðnum Menningarmál var 907,6 milljónum veitt í fjárlagaliðinn 08.0.1 *Æskulýðs-, íþróttá- og útivistarmál*, en ekki var sérstaklega sundurgreint hvernig fjármagnið skiptist á milli þessara þátta. Af útgjöldum heilbrigðisráðuneytis var 17 milljónum varið til liðarins 1.68 *Sjúkrahjálpar og endurbæfing íþróttamanna*.

Á fjárlögum fyrir árið 2017 var 1.021,1 milljarði veitt í fjárlagaliðinn 19.20 Íþróttá og æskulýðsmál (Fjárlög 2017 nr. 131/2016). Þetta er í samræmi við fjárlög fyrri ára þar sem meginþungi fjárveitinga til íþróttamála fer í gegnum fjárlagaliði á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að standa undir hlutverki ríkisvaldsins á grundvelli íþróttá- og æskulýðslaga. Þá veita stjórnvöld fjármagni til afrekssjóðs ÍSÍ. Sjóðnum er ætlað að styðja við afreksstarf í íþróttum, en árið 2016 undirrituðu mennta- og menningarmálaráðuneytið og ÍSÍ sérstakan samning til þriggja ára sem fól í sér loforð um stóraukið fjárframlag ríkisins til afreksíþróttá á Íslandi. Með samningnum á framlag ríkisins til sjóðsins að hækka í áföngum úr 100 milljónum á fjárlögum 2016 í 400 milljónir á árinu 2019 og er því um fjórföldun að ræða (Íþróttá- og ólympíusamband Íslands e.d.-f.).

Í íþróttastefnu stjórnvalda kemur fram að stefna stjórnvalda í málaflöknum birtist m.a. í fjárlagafrumvarpinu. Í kafla fjárlaga sem fjallar um íþróttir er ekki fjallað um jafn-

rétti kynjanna, eða um kynjasjónarmið í íþróttum. Þá er enga vísbendingu þar að finna um að jafnrétti kynjanna í íþróttum sé hluti af stefnu stjórnvalda eins og hún birtist þar. Þetta er einnig athyglivert í ljósi reglna um kynjaða fjárlagagerð sem hafa það að markmiði að samþætta jafnréttissjónarmið við stefnumótun stjórnvalda í gegnum fjárútlát og kveða á um að ráðuneyti skuli meta áhrif fjárútláta á fjárlögum með hliðsjón af kynjasjónarmiðum (Stjórnarráðið e.d.). Vegna þessa mætti ætla að einhverja greiningu mætti finna í frumvarpinu um jafnréttissjónarmið, en svo er ekki. Af þessu leiðir að stefna stjórnvalda í íþróttamálum eins og hún birtist á fjárlögum tekur ekki mið af kynjajafnréttissjónarmiðum.

### 2.3.2 Íslensk getspá og íslenskar getraunir

Stuðningur Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna við íþróttahreyfinguna er, í daglegu tali, oft kallaður lottófjármunir, enda verða þeir til með getraunastarfsemi (Íslensk getspá e.d.). Með lögum um getraunir nr. 59/1972 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að setja á laggirnar félagið Íslenskar getraunir sem hefur landsbundinn einkarétt á tiltekinni getraunastarfsemi. Þá eru fjárhættuspil og getraunastarfsemi háð sérstöku leyfi stjórnvalda. Með tilkomu alþjóðlegra skuldbindinga á borð við EES-samninginn hefur umgjörð landsbundins einkaréttar á getraunastarfsemi breyst nokkuð og heimildir verið veittar til fleiri aðila en Íslenskra getrauna og Íslenskrar getspár til að starfrækja getraunastarfsemi. Sérstakar reglur gilda um úthlutun þess fjármagns sem aflað er með lottóstarfseminni, en fjármagnið rennur bæði til ÍSÍ, aðildarsambanda og íþróttafélaga á grundvelli reglnanna. Ekki er fjallað um kyn eða kynjasjónarmið sem viðmið eða áhrifaþátt varðandi útdeilingu fjármunanna (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands 2011d).

## 2.4 Aðild að alþjóðlegu íþróttahreyfingunni

### 2.4.1 Alþjóðlega ólympíuhreyfingin

Alþjóðlega ólympíuhreyfingin (IOC) byggir á fornum merg. Grunnurinn að stofnun hreyfingarinnar í því formi sem hún þekkt nú var lagður árið 1894 með stofnun IOC. Tilgangur og hlutverk hreyfingarinnar er margþætt, en grundvallast á ólympíuhugsjóninni um að stuðla að friðsælum og bættum heimi með íþróttum í anda vináttu og jöfnum leik (Alþjóðlega ólympíuhreyfingin e.d.-b.). Hreyfingin og allir aðilar hennar eru bundin af Ólympíuyfirlýsingunni (Alþjóðlega ólympíuhreyfingin 2017). Í 2. gr. hennar er fjallað um að hvetja og styðja eigi við framgang kvenna í öllum íþróttum á öllum stigum og innviðum með jafnrétti karla og kvenna að leiðarljósi. Þetta gildi hefur þó ekki alltaf verið ráðandi í starfsemi hreyfingarinnar, en konur höfðu ekki jafnan þátttökurétt á Ólympíuleikunum á við karla framan af og hafa öðlast þátttökurétt í hinum ýmsu íþróttageinum smátt og smátt (Alþjóðlega ólympíuhreyfingin e.d.-c.). Dæmi um þetta er að fyrst var keppt í kvennakkattspyrnu á Ólympíuleikum árið 1996 þó að keppt hafi verið í karlakattspyrnu frá öðrum Ólympíuleikum sem haldnir voru árið 1900, tæplega hundrað árum áður (Alþjóðlega ólympíuhreyfingin e.d.-a.).

Á síðustu árum hafa sjónarmið um aukinn hlut kvenna í íþróttum fengið verulega aukið vægi á vegum IOC. Á vefsíðu hreyfingarinnar hefur þætti kvenna í íþróttum verið



gert sérstakt svæði, en þar er fjallað um að í árdaga starfseminnar hafi ekki verið gætt að jafnrétti kynjanna og að hallað hafi á konur í þeim samanburði, en að á síðustu 20 árum hafi IOC lagt sig fram um að auka hlut kvenna í gegnum starfsemi landsnefnda og alþjóðlegra sérsambanda. Þá segir skýrum stöfum að kynjajafnrétti sé ekki nægilegt á Ólympíuleikunum og að IOC hafi gripið til aðgerða til að bregðast við þessu. Meðal aðgerða er að auka hlut kvenna í leiðtogahlutverkum innan íþróttahreyfingarinnar og að fjölga kvenþáttakendum á Ólympíuleikunum (Alþjóðlega ólympíuhreyfingin e.d.-c.).

#### 2.4.2 *Alþjóðleg sérsambönd*

Með aðild að alþjóðlegum sérsamböndum skuldbinda íslensk sérsambönd sig til þess að starfsemi þeirra, reglur og framkvæmd um viðkomandi íþrótt á Íslandi sé í samræmi við reglur alþjóðlegu sambandanna, sem er forsenda þess að íslensk félagslið og landslið geti tekið þátt í alþjóðlegum mótum í viðkomandi íþróttagrein. Þannig hafa reglur hinna alþjóðlegu sambanda (hvort heldur sem er þau sem starfa á grundvelli Evrópusamvinnu eða alþjóðlegrar) mikið að segja um skipulag og reglur í viðkomandi íþróttagrein. Alþjóðleg sérsambönd veita fjármagni til innlendra íþróttahreyfinga og sérsambanda á ýmsum grundvelli. Þær fjárhæðir sem renna til íslenskra aðila í tengslum við knattspyrnu eru tengdar frammistöðu félagsliða í Evrópukeppnum, íslenskra landsliða í alþjóðlegum keppnum og fjölda íslenskra leikmanna sem gerast atvinnumenn erlendis. Um verulegar fjárhæðir getur verið að ræða. Þannig er talið að um milljarður króna hafi komið inn í íslenskt hagkerfi í tengslum við frammistöðu íslenskra einstaklinga, félaga og liða í knattspyrnu erlendis árið 2013 (Þórólfur Þórlindsson o.fl. 2015). Það er svipuð upphæð í krónum talið og veitt var til íþróttahreyfingarinnar með fjárlögum 2017 (nr. 131/2016). Það getur því skipt verulegu máli að standa vel að íþróttastarfi innanlands til þess að fá tekjur inn í landið með þessum hætti. (Þórólfur Þórlindsson o.fl. 2015). Nýlegur árangur íslenska karlalandsliðsins á Evrópumóti í knattspyrnu og undankeppni fyrir heimsmeistaramótið 2018 styður við þessa nálgun (Þórður Snær Júlíusson 2017). Það er þó varasamt að draga of víðtækar ályktanir af þessu í tengslum við aðrar íþróttagreinar, enda knattspyrna gríðarlega vinsæl á alþjóðavísu og fjárhæðir sem styrktaraðilar og réttthafar sjónvarpsútsendinga greiða fyrir aðild að knattspyrnuviðburðum oft mun hærri en gengur og gerist í öðrum íþróttagreinum (Harwell 2015). Þá er einnig mikilvægt að gæta þess að fjárhæðir sem hægt er að sækja í gegnum alþjóðlega þátttöku eru mun hærri fyrir íþróttir karla en kvenna. Um þetta eru mýmörg dæmi sem eru ekki bundin við þær hópíþróttir sem fjallað er um hérna sérstaklega (Women on Boards 2016). Þar sem um er að ræða verulegar fjárhæðir sem geta skipt sköpum fyrir alla umgjörð íþróttarinnar á landsvísu er því um að ræða fjárhagslegan hvata til að standa betur að starfi drengja og karla sem ræðst af utanaðkomandi þáttum sem innlenda íþróttahreyfingin hefur lítið um að segja.

#### 2.5 **Jafnréttismál innan íslensku íþróttahreyfingarinnar**

ÍSÍ hefur ýmis tæki til þess að stuðla að framgangi tiltekinna sjónarmiða í starfsemi sambandsins. Hér verður fjallað um tvö þeirra með hliðsjón af kynjasjónarmiðum, ann-



ars vegar fyrirmyndarfélög sem snúa að meginstefnu til að barna- og unglíngastarfi og hins vegar um afreksstefnu sem eins og nafnið gefur til kynna, fjallar um afreksstarf í íþróttum.

### 2.5.1 Fyrirmyndafélög

Meðal þess sem ÍSÍ hefur gert til að stuðla að aukinni fagmennsku við rekstur íþróttafélaga er að setja á laggirnar svokallað fyrirmyndafélaga-fyrirkomulag. Efni viðmiðanna bendir til þess að fyrst og fremst sé um að ræða þætti í starfsemi er lúta að barna- og unglíngastarfi. Í því felst að íþróttafélögum sem eiga aðild að ÍSÍ gefst kostur á að verða *fyrirmyndarfélag*, að því gefnu að það uppfylli tiltekin viðmið í starfsemi sinni. Í kjölfar íþróttarársins 2015 geta íþróttahéruð einnig sóst eftir viðurkenningunni. Á heimasíðu ÍSÍ er aðgengileg handbók til að aðstoða áhugasöm íþróttafélög og íþróttahéruð við að meta hvort og hvernig þau mæta viðmiðum stefnunnar í starfsemi sinni (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands e.d.-b.). Til að verða fyrirmyndarfélag þarf að uppfylla tiltekin viðmið sem lúta að ýmsum þáttum á borð við foreldrastarf og þjálfara- og jafnréttismál. Í handbók ÍSÍ vegna verkefnisins kemur fram að í skilningi verkefnisins sé þar vísað til jafnréttis í viðum skilningi, ekki aðeins hvað varðar jafnrétti kynjanna. Þannig gerir gátlisti ráð fyrir að hugað sé að því hvernig tekið sé á móti börnum og unglíngum sem eru *nýbúar* (sem að líkindum vísar til innflytjenda) í starfinu og að stefnt sé að því að fá jafnhæfa þjálfara til starfa fyrir karla- og kvennalið (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands e.d.-a.).

Í því skyni að styðja við framgang jafnréttismála hefur ÍSÍ jafnframt útbúið handbók sem ætti að nýtast íþróttafélögum við að móta sína eigin jafnréttisstefnu (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands e.d.-c.). Í úttekt sem gerð var á vegum mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar um jafnrétti í íþróttum árið 2016 komu fram vísbendingar um að jafnréttisstefnur íþróttafélaganna sem komið hefði verið á í tengslum við fyrirmyndafélaga-fyrirkomulagið hafi ekki mikil raunáhrif á stefnu íþróttafélaga. Þetta birtist m.a. í því að stefnan væri ekki aðgengileg á vefsíðu félaganna og að þjálfarar og stjórnendur á vegum félaganna fengu ekki fræðslu um hana (Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar 2016.).

### 2.5.2 Afreksstefnur

Ekki er fjallað sérstaklega um jafnréttismál varðandi skipulag og inntak afreksíþróttarársins á vegum ÍSÍ. Stefna sambandsins hvað varðar afreksíþróttir var samþykkt á Íþróttarársi ÍSÍ í maí 2017 (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, 2017b). Á grundvelli hennar starfrækir ÍSÍ sérstakan afrekssjóð sem hefur þann tilgang að styðja við íslenskt afreksíþróttafólk. Um sjóðinn gildir sérstök reglugerð sem framkvæmdastjórn ÍSÍ setur, en við skipan í stjórn sjóðsins skal gætt að því að hlutfall kynja sé sem jafnast. Í júlí 2017 voru þrjár konur og þrjú karlar í stjórn sjóðsins. Í reglugerðinni eru sett fram viðmið um skilyrði fyrir styrkveitingum, skilgreiningum afreka og viðmiðum sem leggja skal til grundvallar við mat á grundvelli styrkveitinga. Ekki er fjallað um kyn eða kynjasjónarmið í þessu samhengi (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands 2017c).

Sérsambönd setja sér afreksstefnu á sínum sviðum sem kallast á við stefnu ÍSÍ, HSÍ, KSÍ og KKÍ hafa öll sett sér afreksstefnur. Stefnurnar eru um margt svipaðar hvað varðar uppbyggingu og efnistöð. Allar stefnur skilgreina afreksfólk sem þátttakendur í landsliðum og fjalla bæði um landslið skipuð fullorðnum einstaklingum og þeim sem eru á unglingsaldri. HSÍ skilgreinir afreksíþróttafólk sem íþróttamenn sem keppa með landsliðum HSÍ á mótum á vegum alþjóðlega og evrópska handknattleikssambandsins. Afreksstefnan tekur til beggja kynja og ekki er að sjá að það sé gerður greinarmunur á markmiðum eða mælikvörðum um árangur karla- eða kvennalandsliða (Handknattleikssamband Íslands 2017). Í afreksstefnu KSÍ eru afrekshópar þau landslið sem keppa fyrir Íslands hönd í undankeppnum eða úrslitakeppnum Evrópu- eða heimsmeistaramóta. Í stefnunni eru skilgreind þau landslið sem stefnan varðar. Eini greinarmunurinn sem gerður er á kynjum í stefnunni er í þeim hluta er varðar skilgreiningu á afreksárangri. Þar eru sett sambærileg markmið fyrir landslið beggja kynja í öllum aldursflokkum að því undanskildu að fjallað er um landslið karla skipað leikmönnum 21 árs og yngri, en ekki sambærilegt lið kvenna (Knattspyrnusamband Íslands 2016). Þetta má að líkum rekja til þess að UEFA, evrópska knattspyrnusambandið, stendur ekki fyrir keppni í þessum aldursflokki landsliða í kvennaflokki, aðeins í karlaflokki. Afreksstefna KKÍ var samþykkt í apríl 2017. Í stefnunni er fjallað um hvernig sambandið stefnir að því að styðja við efnilega körfuknattleiksmenn auk þess sem skilgreint er hvaða árangur telst afreksárangur landsliða. Sambærileg viðmið eru sett fyrir lið af báðum kynjum (Körfuknattleikssamband Íslands 2017).

### 3. Íþróttafélög á Íslandi

#### 3.1 Eðli íþróttafélaga

Íþróttafélög á Íslandi sinna almennings-, lýðheilsu- og tómstundastarfi barna og ungmenna og hafa einhver einnig aðkomu að æskulýðshreyfingunni sem ungmennafélög. Á vegum sumra þeirra er einnig starfrækt afreksstarf og þátttaka í efstu deildum íþróttgreina sem setja félögin í stöðu atvinnurekenda og vinnuveitenda afreksíþróttamanna og atvinnumanna. Þá er annmörkum háð að einangra íþróttastarf og fjármögnun þess frá annarri starfsemi í þjóðfélaginu, enda fléttast íþróttastarf á margan hátt inn í menningu og atvinnuhætti (Þórólfur Þórlindsson o.fl. 2015). Dæmi um þetta er fjáröflunarstarfsemi foreldra barna sem stunda íþróttir vegna keppnis- og æfingaferða og hið umfangsmikla sjálfbodaðistarf sem þátttakendur í félögunum vinna.

#### 3.2 Félagaform

Svo að félag teljist íþróttafélag í skilningi íþróttalaga þarf það að hafa iðkun íþróttar á stefnuskrá sinni. Frekari sértæk lögbundin skilyrði gilda ekki um starfsemi þeirra, né heldur gefa lög eða reglur ÍSÍ tilefni til að ætla að íþróttafélög þurfi að uppfylla önnur skilyrði um form starfseminnar. Svo að félag geti átt aðild að UMFÍ þurfa lög þess að vera í samræmi við lög og hlutverk UMFÍ, en ekki er gefið til kynna að formlegt félagaform viðkomandi félags skipti þar máli (Ungmennafélag Íslands 2015).

Samkvæmt skilgreiningu Ríkisskattstjóra (RSK) eru almenn félög þau sem starfa ekki í fjárhagslegum tilgangi, en ekki er fjallað um félagiformið í lögum. Hins vegar gilda um þau meginreglur félagaréttar og samþykktir félaganna skipta miklu máli um stöðu þeirra. RSK telur íþróttafélög dæmi um slíka starfsemi (Ríkisskattstjóri e.d.-a.). Þá tiltekur RSK að almenn félög séu oftast rekin á árgjöldum og ekki ætlað að afla félagsmönnum tekna. Sérstaklega er tekið fram að félögum sem skráð eru sem almenn félög sé ekki ætlað að stunda atvinnurekstur (Ríkisskattstjóri e.d.-b.).

Lög og reglur HSÍ og KKÍ kveða ekki á um að íþróttafélög þurfi að vera starfrækt með tilteknum hætti svo að þau geti átt aðild að samböndunum. Hins vegar gera lög KSÍ ráð fyrir að aðildarfélögum sé heimilt að koma þáttum starfsemi sinnar fyrir í hlutafélögum. Þáttökuréttur í mótum á vegum KSÍ er samkvæmt lögum þess bundinn við aðildarfélög sambandsins, en með 34. gr. laga sambandsins er aðildarfélögum heimilað að fela sérstökum hlutafélögum rekstur tiltekinna þátta starfsemi sinnar. Ákvæðið fjallar ítarlega um hvernig fara skuli um starfsemi hlutafélagsins, tilgang þess og fyrirkomulag atkvæða á aðalfundi. Þá er kveðið á um að hlutafélagið skuli skuldbinda sig til að fylgja og lúta reglum KSÍ og enn fremur að samningur aðildarfélags og hlutafélags um félagiformið skuli lagður fyrir stjórn KSÍ innan 7 daga frá dagsetningu hans og að gildistaka sé háð samþykki stjórnar KSÍ. Þá kemur fram að KSÍ sé heimilt að fella samninginn úr gildi brjóti hlutafélagið gegn reglum KSÍ (Knattspyrnusamband Íslands 2018). Ekki er um að ræða kvöð á aðildarfélög heldur heimild. Með gagnályktun má telja að aðildarfélögum yrði ekki heimilt að ráðstafa starfsemi sinni í öðru félagiformi en í hlutafélagi. Svo að félag geti verið hlutafélag í skilningi hlutafélagalaga nr. 2/1995 þarf það að hafa yfir að ráða verðmætum sem nema 4 milljónum króna og lúta ýmiss konar lögbundnum reglum um form starfseminnar (3. mgr. 1. gr.).

Í ljósi ákvæða jafnréttislaga og þeirra breytinga sem urðu á þeim með lögum nr. 56/2017 og fela í sér svokallað jafnlaunavottunarfyrirkomulag, er hugsanlegt að félagiform reksturs íþróttafélags geti haft áhrif á skyldur þess til að tryggja jafnar launagreiðslur til starfsmanna sinna fyrir sambærileg störf. Ákvæði jafnréttislaga fjalla um skyldur *fyrirtækja og stofnana* hvað varðar jafnlaunavottun (19. gr.). Samkvæmt ákvæðum jafnréttislagalaganna er eftirlit með skyldunni á höndum Jafnréttisstofu frá og með 1. janúar 2018, en í greinargerð sem fylgir með frumvarpi því er varð að lögum sem kveða á um jafnlaunavottun er ekki skýrt frekar hvað felist í hugtakinu *fyrirtæki* í skilningi laganna (þingskjal 570, 2016-2017). Hins vegar má telja mögulegt að sé íþróttafélag rekið sem hlutafélag eða einkahlutafélag og hafi á að skipa að minnsta kosti 25 starfsmönnum, megi allt eins líta á starfsemi slíks félags sem *fyrirtæki* í skilningi laganna. Ef svo er verður að teljast mikilvægt að íþróttafélög skilgreini réttarsamband sem skapast á milli félagsins og leikmanna sem fá greitt fyrir að starfa að viðkomandi íþrótt á vegum þess. Þetta á jafnt við um almenna starfsmenn, þjálfara og leikmenn.

Eins og að framan greinir eru ekki almennar skyldur á íþróttafélögum að koma starfsemi sinni fyrir í tiltekin rekstrarform. Aðeins er gert ráð fyrir að tilgangur félagsins sé að iðka íþróttir svo að félag geti átt aðild að ÍSÍ, eða styðji við tilgang ungmennafélags-hreyfingarinnar svo að félag geti átt aðild að UMFÍ.

### 3.3 Fjármögnun

Íþróttafélög eru fjármögnuð með margs konar fjárframlögum ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga. Þá verður þáttur sjálfboðaliða í starfsemi og rekstri íþróttafélaga síst ofmetinn og því hefur verið haldið fram að hann sé að miklu leyti drifkrafturinn á bak við íþróttahreyfinguna (Þórdís Lilja Gísladóttir 2006). Íþróttafélög leitað fjárframlaga úr Íþróttasjóði sem starfar samkvæmt íþróttalögum og úthlutar árlega fjármagni til sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar, útbreiðslu- og fræðsluverkefna, íþróttarannsókna og verkefna sem varða stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva (Íþróttalög nr. 64/1998, 8. gr.). Af upplýsingum um úthlutanir sjóðsins verður ekki séð að hugað sé að kynjasjónarmiðum sérstaklega eða að upplýsingar um ráðstöfun fjármuna séu kyngreindar. Ekki liggja fyrir starfsreglur um starfsemi sjóðsins og því erfitt að meta hvaða sjónarmið liggja til grundvallar við úthlutun. (Rannsóknamiðstöð Íslands e.d.).

Í reglugerð ÍSÍ er fjallað um hvernig fjárreiðum, bókhaldi og reikningsskilum skuli háttað innan íþróttahreyfingarinnar. Reglurnar taka til starfsemi íþróttafélaga, ungmennafélaga, sérsambanda, héraðssambanda og landssamtaka (1. gr.). Með vísan til ungmennafélaga má leiða líkum að því að um sé að ræða þau félög sem einnig eru íþróttafélög í skilningi íþróttalaga. Reglugerðin kveður m.a. á um að óheimilt sé að setja að tryggingu fjármuni sem félög fá úthlutað í gegnum starfsemi Íslenskra getrauna og Íslenskrar getsþár, takmarkanir á heimild félaganna til þess að ganga í ábyrgð fyrir aðra aðila og þeim sé skylt að „fylgja öllum opinberum ákvæðum um greiðslu skatta og atvinnurekendagjalda. Einnig ber félögum að afhenda skattýfirvöldum allar upplýsingar varðandi launa- og verktakagreiðslur sem farið er fram á“. Þá er félögum gert að greina á milli starfseminnar hvað varðar ungt fólk annars vegar og afreks- og almenningsíþróttir hins vegar (Íþrótt- og ólympíusamband Íslands 2011e).

## 4. Hvíllir lagaleg skylda á stjórnvöldum að tryggja jafnrétti kynjanna í íþróttum?

### 4.1 Stjórnarskráin

Í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Í skýrslu stjórnlaganefndar frá árinu 2001 kemur fram að reglan sé almenn í þeim skilningi að henni er ekki einvörðungu ætlað að gilda á tilteknu réttarsviði, eða í sambandi við beitingu annarra mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar (Skýrsla stjórnlaganefndar 2011, annað bindi). Gildissvið hennar er víðtækt og ætti að hafa áhrif á alla þá starfsemi sem skipað er með landslögum, þar má því ætla að þar á meðal séu íþróttir. Með hliðsjón

af viðurkenndum túlkunarreglum má fallast á sjónarmið um að reglan sé í raun efnisregla, sem felur sér efnislegan rétt borgaranna til þess að þurfa ekki að sæta mismunun. (Oddný Mjöll Arnardóttir 1997).

Með ákvæðum jafnréttis laga hafa stjórnvöld m.a. skuldbundið sig sjálf til að vinna að jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna á öllum sviðum þjóðfélagsins (1. gr.). Með hliðsjón af stjórnskipulagi íslensku íþróttahreyfingarinnar er staða ríkisvaldsins, hvað varðar framgang tiltekinna lögbundinna sjónarmiða á borð við kynjajafnrétti, ekki eins einföld og í málum sem skipað er einvörðungu með landslögum.

#### 4.2 Alþjóðlegar skuldbindingar

Þegar alþjóðlegar samningsskuldbindingar íslenska ríkisins eru skoðaðar verður að hafa í huga að „[þ]að er viðurkennd regla að norrænum rétti að skýra skuli lög til samræmis við alþjóðasamninga, sem ríki hefur staðfest eftir því sem kostur er“ (Hrd. 19. desember í máli nr. 125/2000). Ísland er aðili að miklum meirihluta alþjóðlegra mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins og stjórnvöld hafa lýst því yfir á alþjóðlegum vettvangi að þau taki mannréttindaskuldbindingar sínar alvarlega (Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna 2011).

Fjallað er um jafnrétti kynjanna í nokkrum af þeim mannréttindasamningum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist. Þar á meðal er ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (C-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979) um jafna meðferð fyrir lögum (26. gr.) og ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) sem fjallar um að aðildarríki samningsins skuli virða og tryggja réttindi barna innan lögsögu sinnar án tillits til kynferðis (1. mgr. 2. gr.). Barnasáttmálinn hefur sérstaka vigt í íslenskum rétti þar sem búið er að innleiða hann með heildstæðum hætti í íslenska löggjöf sbr. lög nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Sérstaklega er fjallað um kynjajafnrétti í íþróttum og menningarlífi í samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (C-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979). Í 3. gr. samningsins er kveðið á um skuldbindingu aðildarríkja til að tryggja jafnan rétt karla og kvenna til þeirra réttinda sem njóta verndar samningsins. Í 15. gr. er kveðið á um réttinn til að taka þátt í menningarlífi, sem í almennu álitu efnahags- og félagsmálanefndar Sameinuðu þjóðanna hefur m.a. verið skilgreint sem íþróttir og leikir (Efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna 2009). Í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum (C-deild stjórnartíðinda nr. 5/1985) er fjallað um sambærilega skyldu stjórnvalda. Stjórnvöldum ber að vinna að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum og ber samkvæmt 3. og 4. gr. samningsins að grípa til viðeigandi aðgerða svo sem lagasetningar eða tímabundinna aðgerða, til að eyða mismunun gegn konum og að jafnrétti komist á með kynjunum. Á grundvelli g) liðar 10. gr. skal konum og stúlkum veitt sömu tækifæri og körlum og drengjum til að taka virkan þátt í íþróttum og hreyfingu. Þá ber aðildarríkjum að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja öllum sama rétt til að taka þátt í tómstundum, íþróttum og á öllum sviðum menningarlífs.

Á vettvangi Evrópuráðsins hefur Ísland undirgengist allar helstu kjarnaskuldbindingar ráðsins á sviði mannréttinda (Evrópuráðið 2017). Þá hafa íslensk stjórnvöld gerst aðilar að sérstakri yfirlýsingu ráðsins sem kallast European Sports Charter. Slík yfirlýsing er ekki skuldbindandi með sama hætti og alþjóðlegir mannréttindasamningar. Aðildin felur í sér að stjórnvöld skuldbinda sig í pólitískum skilningi til að vinna í anda yfirlýsingarinnar um góða stjórnarhætti og framkvæmd á íþróttandaðanum. Auk þess er hægt að nota slíkar yfirlýsingar til að túlka ákvæði alþjóðasamninga. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. hans skal engin mismunun á grundvelli kynferðis heimil varðandi aðgang að íþróttaðstöðu eða íþróttaiðkun. Auk þess er tiltekið í yfirlýsingunni að forvarnir og barátta gegn ofbeldi og misnotkun íþróttamanna skuli ná sérstaklega til kvenna (Evrópuráðið 2001).

### 4.3 Áhrif skuldbindinga á grundvelli aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu

Með lögum um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 varð Ísland hluti af hinu svokallaða EES-svæði. Aðildin hefur haft margþætt áhrif á íslenska löggjöf og framkvæmd á grundvelli hennar. Samningurinn felur í sér frjálst flæði fjármagns, þjónustu, vinnuafls og varnings, en til þess að jafna stöðu samningsríkjanna hvað þessa þætti varðar hafa reglur um margþætt svið samfélagsins verið settar. Í EES-samningnum er m.a. að finna almenn ákvæði um jafnrétti kynjanna, þ.e. í 69. og 70. gr. Í skýrslu utanríkisráðherra um Evrópumál frá árinu 2000 kemur eftirfarandi fram:

Líkt og í mennta- og æskulýðsmálum hafa aðildarríki Evrópusambandsins forræði í málefnum íþróttar. Í stofnsamningum Evrópusambandsins eru engin ákvæði um íþróttir. Reglur um ríkisstyrki gilda ekki um íþróttafélög. Hin almennu ákvæði um frjálsa för vinnuafls hafa hins vegar haft umtalsverð áhrif á einstakar hópíþróttir, s.s. knattspyrnu, hand- og körfuknattleik. Úrskurður [sic] Evrópudómstólsins árið 1995 í sk. Bosman-máli fól í sér að löggjöf ESB um frjálsa för fólks ætti einnig við innan íþróttar eins og í annarri atvinnustarfsemi innan ESB. Það á einnig við um Evrópska efnahagssvæðið. Í kjölfarið hefur íþróttaliðum verið heimilt að tefla fram ótakmörkuðum fjölda leikmanna frá löndum innan EES en áður var fjöldi erlendra leikmanna takmarkaður (Halldór Ásgrímsson 2000).

Íþróttir í skilningi EES-samningsins eru því ekki aðeins skilgreindar sem afþreying, tómstunda- eða heilsumálefni eins og ráða má af mannréttindasamningum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, heldur einnig atvinnustarfsemi sem hluti af vinnumarkaðinum og þá sérstaklega varðandi þær hópíþróttir sem hér er fjallað um. Þó svo að þetta sjónarmið hafi legið fyrir, hefur þessi nálgun ekki verið ráðandi að öllu leyti í framkvæmd hópíþróttar á Íslandi. Til að mynda hafa reglur KKÍ um nokkurt skeið kveðið á um hámarksfjölda erlendra leikmanna í íslenskum félagsliðum. Vegna þessa var kvartað til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem taldi fyrirkomulagið ekki í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Í bréfi stofnunarinnar vegna málsins kemur fram sá skilningur ESA að með hliðsjón



af lagaumhverfi íþrótta á Íslandi verði að líta svo á að stjórnvöld hafi að einhverju leyti falið ÍSÍ að setja reglur í sínu umboði. Í ljósi þessa og hins ríka þáttar ríkisvaldsins í fjármögnun íþróttahefingarinna sé það skilningur ESA að þrátt fyrir að það sé samsamband ÍSÍ sem setji hina umdeildu reglu sem talin er í andstöðu við EES-samninginn verði íslensk stjórnvöld talin bær til að bera ábyrgð á samningsbrotninu sem felst í hinu umdeildu reglu. Þetta byggir stofnunin á því sjónarmiði að ríkisvaldinu sé skylt að sjá til þess að reglum samningsins og réttarreglum sem leiðir af samningsaðild ríkisins verði framfylgt í starfsemi á vegum ÍSÍ. Í bréfi frá stofnuninni er bent á dómafordæmi Evrópuðómstólsins sem fela í sér að aðildarríki samningsins geti verið látin sæta ábyrgð á framkvæmd einkaaðila sem er í andstöðu við samninginn, þegar viðkomandi aðili lýtur stjórn ríkisvaldsins með beinum eða óbeinum hætti. Með vísan til dómaframkvæmdar Evrópuðómstólsins telur ESA ljóst að einkaaðili sem lýtur ekki stjórn eða er fjármagnaður á vegum ríkisvaldsins, en fer með opinbert hlutverk eða reglusetningu sem hefur áhrif á það hvernig fari um réttindi sem njóta verndar samningsins, geti verið látinn sæta ábyrgð vegna brota á reglum Evrópuréttarins (ESA 2017).

Hafa verður í huga að umrætt mál varðar einn þátt fjórfrelsins, sem er grundvöllur EES-samningsins, þ.e. mismunun gagnvart vinnuafli vegna þjóðernis. Í því samhengi er athyglivert að velta upp hvort að nálgunin leiði til sambærilegrar niðurstöðu um aðrar reglur Evrópuréttarins, t.a.m. um jafnrétti kynjanna. Í því samhengi er rétt að geta þess að Evrópureglur um bann við mismunun á grundvelli ýmissa mismununarástæðna, m.a. kyns, hafa ekki verið innleiddar í íslenskan rétt. Slíkt mál hefur verið á þingmálaskrá síðustu tveggja ríkisstjórna, en ekki verið lagt fram (Stjórnarráð Íslands 2017). Evrópuréttarreglur um skyldur aðildarríkja til að tryggja jafna stöðu og rétt karla og kvenna eru m.a. leiddar í íslenskan rétt með gildandi jafnréttislögum. Samkvæmt ákvæðum jafnréttislaga skulu atvinnurekendur og stéttarfélög vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði (23. gr.). Hugsanlegt er að reglur um vinnumarkað hafi haft óljóst gildi á vettvangi íþrótta á Íslandi í ljósi fyrirkomulags í afreksíþróttum á Íslandi. Þá reida mörg íþróttafélög sig að miklu leyti á framlag sjálfbodaliða í starfsemi sinni og margir sinna störfum fyrir íþróttafélög í hlutastarfi eða samhliða öðrum störfum. Með hliðsjón af því að rekstrarform íþróttafélaga hefur yfirleitt verið í formi almenns félags, félag sem ekki er rekið í sérstöku hagnaðarskyni eins og hugsanlega á heldur við um atvinnurekendur í skilningi jafnréttislaga, er mögulegt að frekar þurfi að skerpa á hlutverki og stöðu íþróttafélaga sem atvinnurekenda svo að skýrara sé hvaða skyldur félögin hafa samkvæmt jafnréttislögum.

## 5. Samantekt og niðurstöður

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru að ríkisvaldið hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja kynjajafnrétti í íþróttum. Ekki var horft til kynjasjónarmiða við undirbúning gildandi íþróttaglaga, þrátt fyrir vilja Alþingis til þess að stuðla að auknu kynjajafnrétti í íþróttum. Þá virðast sjónarmiðin ekki hafa fengið verulegan framgang í framkvæmd þar sem í nýsamþykktu framkvæmdaáætlun Alþingis varðandi kynjajafnrétti eru lagðar til efnislega sambærilegar aðgerðir og Alþingi óskaði eftir tillögum um 20 árum áður.

Hvað varðar inntak og framkvæmd á íþróttastarfi í landinu er ábyrgð ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar samofin, eins og kom fram við umræður á Alþingi í tengslum við setningu fyrstu íþróttalaganna og afstöðu stjórnvalda í ræðu og riti. Stefnumótun í málaflokknum hefur ekki litast af kynjasjónarmiðum og stjórnvöld hafa ekki lagt til grundvallar kynjasjónarmið í fjárveitingum sínum til íþróttahreyfingarinnar. Þær alþjóðlegu skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist á sviði mannréttinda og jafnréttismála nálgast íþróttir frekar sem afþreyingu en atvinnugrein. Það er alveg skýrt að þeim ber að vinna að kynjajafnrétti á þeim grundvelli, en einnig ef horft er til íþróttar sem atvinnugreinar. Þó að skyldan sé ekki ótvíræð þarf að skýra stöðu íþróttafélaga sem atvinnurekenda eða fyrirtækja til að hægt sé að fullyrða um gildissvið ákvæða jafnréttisлага um skyldur atvinnurekenda til að stuðla að kynjajafnrétti í starfsemi sinni. Þá er sérstaklega mikilvægt að kanna í tengslum við áhrif nýlegra ákvæða laganna um jafnlaunavottun.

Alþjóðlega íþróttahreyfingin hefur sýnt einhver merki þess að hún sé meðvituð um að verulega hallar á konur í starfsemi hennar. Aftur á móti er ljóst af þeim mikla mun á fjárveitingum til karla og kvenna að verulegur fjárhagslegur hvati er í gegnum alþjóðlega kerfið til að styðja betur við íþróttir karla en kvenna. Þetta felur í sér áskorun fyrir innlendu íþróttahreyfinguna, sem hefur einnig svigrúm til úrbóta hvað varðar jafnrétti kynjanna í íþróttum ef horft er til stefnumótunar og reglusetningar hreyfingarinnar.

Á grundvelli þess sem hér hefur verið rakið eru lagðar til eftirfarandi tillögur að úrbótum í því skyni að vinna að auknu kynjajafnrétti í íþróttum á Íslandi:

- Stefnumótun á vegum stjórnvalda og íþróttahreyfingarinnar taki mið af kynjasjónarmiðum (sjá umfjöllun í kafla 2.3.).
- Lögð verði fram ný íþróttastefna þar sem aukið kynjajafnrétti í íþróttum verði einn meginþáttur. Undirbúningur stefnunnar fari fram með viðtæku samráði við hagsmunaaðila og ráðgjafar leitað við að tryggja að kynjasjónarmið liggja til grundvallar stefnumótunarvinnunni (sjá umfjöllun í kafla 2.3.).
- Úthlutanir úr Íþróttasjóði, Afrekssjóði og öðrum sjóðum sem veita fjármunum frá opinberum aðilum til íþróttamála verði kyngreindar og kynjuð sjónarmið lögð til grundvallar við fjárútlát til málaflokksins (sjá umfjöllun í köflum 3.3.1., 3.5.2. og 4.3.).
- Sjónarmiðum um kynjaða fjárlagagerð verði beitt í tengslum við vinnslu fjárheimilda til útgjalda í gegnum fjárlög (sjá umfjöllun í kafla 3.3.1.).
- Íþróttahreyfingin styðji við markvissa framkvæmd jafnréttisáætla-ana í starfsemi sinni allri (sjá umfjöllun í kafla 3.5.1.).
- Íslenskir fulltrúar íþróttahreyfingarinnar sem taka þátt í erlendu samstarfi og starfi erlendra sérsambandana beiti sér fyrir því að auka veg og hlut kvenna og stúlkna innan viðkomandi íþróttagreinar. Þetta taki bæði til reglna og innri starfsemi, en einnig í fjárhagslegu samhengi (sjá umfjöllun í kafla 3.4.2.).

- Koma til framkvæmda markmiðum um kynjajafnrétti í íþróttum sem fjallað er um í gildandi framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum (sjá umfjöllun í kafla 2.4).
- Huga að stöðu íþróttafélaga sem atvinnurekenda í skilningi jafnréttislaganna svo að skýrt sé hvort ákvæði laganna nái til starfseminnar eður ei (sjá umfjöllun í kafla 4.2).

## Aftanmálgreinar

- 1 Rannsóknin hefur notið stuðnings frá Jafnréttissjóði Íslands, Íþróttasjóði Íslands og Samfélagssjóði Landsbankans.
- 2 Fjallað verður um hlutverk sveitarfélaga í síðari þætti lögfræðihluta rannsóknarinnar.

## Heimildir

- Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. C-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979.
- Alþjóðasamningur um borgarleg og stjórnmálaleg réttindi. C-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979.
- Alþjóðlega ólympíuhreyfingin (2017). „Olympic Charter“. Sótt 5. október 2017 af [https://stillmed.olympic.org/media/Document%20Library/OlympicOrg/General/EN-Olympic-Charter.pdf#\\_ga=2.209124754.1614590960.1509045745-1399025943.1509045745](https://stillmed.olympic.org/media/Document%20Library/OlympicOrg/General/EN-Olympic-Charter.pdf#_ga=2.209124754.1614590960.1509045745-1399025943.1509045745)
- Alþjóðlega ólympíuhreyfingin (e.d.-a). „Football“. Sótt 4. desember 2017 af <https://www.olympic.org/football>
- Alþjóðlega ólympíuhreyfingin (e.d.-b). „The organisation“. Sótt 29. október 2017 af <https://www.olympic.org/about-ioc-institution>
- Alþjóðlega ólympíuhreyfingin (e.d.-c). „Women in sport“. Sótt 25. október 2017 af <https://www.olympic.org/women-in-sport/background>
- Brynhildur G. Flóvenz (2007). „Jafnréttislög í þrjátíu ár“, Úllfjótur 60(1), 5 – 23.
- Efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna (2009). „General comment No. 21, Right of Everyone to take part in Cultural Life (article 15 para. 1 (a) of the International Covenant of Economic, Cultural and Social Rights). (E/C.12/GC/21)“. Sótt 14. september 2017 af [http://www.ohchr.org/EN/Issues/Education/Training/Compilation/Pages/iGeneralcommentNo21Rightofeveryonetotakepartinculturallife\(article15,para1\(a\),oftheInternationalCovenantonEconomic,Sociala.aspx](http://www.ohchr.org/EN/Issues/Education/Training/Compilation/Pages/iGeneralcommentNo21Rightofeveryonetotakepartinculturallife(article15,para1(a),oftheInternationalCovenantonEconomic,Sociala.aspx)
- EFTA Surveillance Authority (2017). „Bréf ESA til utanríkisráðuneytisins“, Ákvörðun nr: 104/17/COL. Sótt 20. ágúst 2017 af <http://www.eftasurv.int/da/DocumentDirectAction/outputDocument?docId=3811>
- Evrópuráðið (2001). „Recommendation No. R(92) 13 Rev of the Committee of Ministers to Member States on the Revised European Sports Charter“. Sótt 5. september 2017 af [https://search.coe.int/cm/Pages/result\\_details.aspx?ObjectID=09000016804c9dbb](https://search.coe.int/cm/Pages/result_details.aspx?ObjectID=09000016804c9dbb)
- Evrópuráðið (2017). „Yfirlit yfir skuldbindingar íslenskra stjórnvalda gagnvart samningum á vegum Evrópuráðsins“. Sótt 4. september 2017 af <https://www.coe.int/en/web/conventions/search-on-states/-/conventions/chartStats/ICE>
- Fjárlög 2016 nr. 134/2015.
- Fjárlög 2017 nr. 131/2016.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið (e.d.). „Kynjud fjárlagagerð“. Sótt 5. október 2017 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnrretti/jafnrretti/kynjud-fjarlagagerd/>
- Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 84/2017.
- Forseti Íslands (2017). „Íþrótta- og ólympíusamband Íslands“. Sótt 3. október 2017 af <http://www.forseti.is/um-forseta/verndari/verndari-isi/>

- Guðbjartur Hannesson (2007-2008). „Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla“, *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 3. október 2017 af <http://www.althingi.is/skodalid.php?lthing=135&lidur=lid20080115T141517>
- Guðrún Pétursdóttir (ritstj.) (2011). *Skýrsla stjórnlaganefndar* (2. bindi). Reykjavík: Stjórnlaganefnd.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (1997). „Skýrsla nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, október 1997“. Sótt 5. október 2017 af [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/10179/skyrsla\\_ithr\\_stulkna\\_kvanna\\_97.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/10179/skyrsla_ithr_stulkna_kvanna_97.pdf?sequence=1)
- Halldór Ásgrímsson (2000). *Staða Íslands í Evrópusamstarfinu. Skýrsla Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra til Alþingis*. Reykjavík: Alþingi.
- Handknattleikssamband Íslands (2017). „Afreksstefna HSÍ 2017“. Sótt 17. júlí 2017 af <http://www.hsi.is/library/Skrar/Um-HSi/Almennt-um-HSi/Afreksstefna%20HS%C3%8D%202017.pdf>
- Handknattleikssamband Íslands (e.d.). „Lög Handknattleikssambands Íslands“. Sótt 1. nóvember 2017 af <http://hsi.is/library/Skrar/Um-HSi/Log-og-reglugerdir/Log-HSi/L%C3%B6g%20HS%C3%8D.pdf>
- Harwell, D. (2015). „Why hardly anyone sponsored the most-watched soccer match in U.S. history“. Washington Post, 6. júlí. Sótt 1. nóvember 2017 af [https://www.washingtonpost.com/news/wonk/wp/2015/07/06/the-sad-gender-economics-of-the-womens-world-cup/?utm\\_term=.99fe7c78dc73](https://www.washingtonpost.com/news/wonk/wp/2015/07/06/the-sad-gender-economics-of-the-womens-world-cup/?utm_term=.99fe7c78dc73)
- Hermann Jónsson (1939). „Íþróttalög“, *Alþingistíðindi B-deild*, 836. Sótt 5. október 2017 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=54&rnr=1661>
- Hrd. 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000. *Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands*.
- Hrd. 6. apríl 2017 í máli nr. 457/2016. Árni Ísaksson og Mjöllnir gegn Lárusi Óskarssyni.
- Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (2017). „Ágrip af sögu Íþróttabandalags Hafnarfjarðar“. Sótt 5. október 2017 af <http://www.ih.is/node/23>
- Íþróttalög nr. 64/1998 með áorðnum breytingum.
- Íþróttalög nr. 25/1940.
- Íslensk getspá (e.d.). „Saga Íslenskrar getspár“. Sótt 17. maí 2018 af <https://games.lotto.is/site/content?name=history>
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (2011a). „Handbók ÍSÍ 2011: Reglugerð ÍSÍ um auglýsingar“. Sótt 30. nóvember 2017 af [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/reglugerd\\_um\\_auglysingar.pdf](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/reglugerd_um_auglysingar.pdf)
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (2011b). „Handbók ÍSÍ 2011: Reglugerð ÍSÍ um féлага-, iðkenda- og keppendatal“. Sótt 30. nóvember 2017 af [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/reglugerd\\_um\\_felaga\\_idk\\_kepp.pdf](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/reglugerd_um_felaga_idk_kepp.pdf)
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (2011c). „Handbók ÍSÍ 2011: Reglugerð um fjárreiður“. Sótt 30. nóvember 2017 af [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/reglugerd\\_um\\_fjarreidur.pdf](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/reglugerd_um_fjarreidur.pdf)
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (2011d). „Handbók ÍSÍ 2011: Siðareglur“. Sótt 30. nóvember 2017 af [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/sidareglur\\_isi.pdf](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/sidareglur_isi.pdf)
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (2011e). „Handbók ÍSÍ 2011: Úthlutunarreglur lottófjármuna“. Sótt 5. október 2017 af [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/uthlutunarreglur\\_lotto.pdf](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/uthlutunarreglur_lotto.pdf)
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (2015). „Lög Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands“. Sótt 18. júlí 2017 af [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/L%C3%B6g%20%C3%8DS%C3%8D%20\(2015\).pdf](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/L%C3%B6g%20%C3%8DS%C3%8D%20(2015).pdf)
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (2017a). „Ársskýrsla 2017“. Sótt 17. maí 2018 af [https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands/docs/arsskyrsla\\_isi](https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands/docs/arsskyrsla_isi)
- Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (2017b). „Afreksstefna ÍSÍ“. Sótt 18. júlí 2017 af <http://isi.is/library/Skrar/Afreks--og-olympiusvid/Fj%C3%B3rbl%C3%B6g%C3%B0ungurAFRSTEFNA2018.pdf>

- Íþrótta- og ólympíusamband Íslands (2017c). „Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ“. Sótt 18. júlí 2017 af [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Afrekssjodur-iSi/Starfsreglur-ASJ/Afrekssj%C3%B3%C3%B0ur%20%C3%8DS%C3%8D%20\(11052017\).pdf?="](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Afrekssjodur-iSi/Starfsreglur-ASJ/Afrekssj%C3%B3%C3%B0ur%20%C3%8DS%C3%8D%20(11052017).pdf?=)
- Íþrótta- og ólympíusamband Íslands (e.d.-a). „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ – skjöl“. Sótt 18. júlí 2017 af <http://www.isi.is/fraedsla/fyrirmyndarfelag-isi/fyrirmyndarfelag-isi-skjol/>
- Íþrótta- og ólympíusamband Íslands (e.d.-b). „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ – um verkefnið“. Sótt 18. júlí 2017 af <http://www.isi.is/library/Skrar/throunar--og-fraedslusvid/Fyrirmyndarf%C3%A9lag%20%C3%8DS%C3%8D%20-%20Um%20verkefni%C3%B0.pdf>
- Íþrótta- og ólympíusamband Íslands (e.d.-c). „Jafnréttismál“. Sótt 18. júlí 2017 af <http://www.isi.is/library/Skrar/throunar--og-fraedslusvid/Fyrirmyndarfelag/Kafl%C3%A0208.pdf>
- Íþrótta- og ólympíusamband Íslands (e.d.-d). „Sambandsaðilar“. Sótt 2. ágúst 2017 af <http://isi.is/sambandsadilar>
- Íþrótta- og ólympíusamband Íslands (e.d.-e). „Tölfræði íþróttahefingarinna 2016“. Sótt 4. desember 2017 af [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Tolfrædi/T%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0ir%202017.pdf?="](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Tolfrædi/T%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0ir%202017.pdf?=)
- Íþrótta- og ólympíusamband Íslands (e.d.-f). „Um afrekssjóð ÍSÍ“. Sótt 18. júlí 2017 af <http://isi.is/afrekssjodur-isi/um-afrekssjod-isi/>
- Jónsbók 1281.
- Knattspyrnusamband Íslands (2008). „Jafnréttisáætlun KSÍ“. Sótt 22. ágúst 2017 af <https://www.ksi.is/um-ksi/log-og-reglugerdir/jafnrattisaetlun-ksi/>
- Knattspyrnusamband Íslands (2016). „Afreksstefna KSÍ“. Sótt 17. ágúst 2017 af <https://www.ksi.is/fraedsla/ymsar-upplýsingar/afreksstefna-ksi/>
- Knattspyrnusamband Íslands (2018). „Lög Knattspyrnusambands Íslands“. Sótt 10. apríl 2018 af [https://www.ksi.is/library/Skrar/Log-og-reglugerdir/L%C3%96G%20KNATTSPYRNUMSAM-BANDS%20%C3%8DSLANDS%20\(Uppf%C3%A6rt%202018\).pdf](https://www.ksi.is/library/Skrar/Log-og-reglugerdir/L%C3%96G%20KNATTSPYRNUMSAM-BANDS%20%C3%8DSLANDS%20(Uppf%C3%A6rt%202018).pdf)
- Knattspyrnusamband Íslands (e.d.-a). „Um KSÍ“. Sótt 4. ágúst 2017 af <https://www.ksi.is/um-ksi>
- Knattspyrnusamband Íslands (e.d.-b). „Stefnufirflýsing KSÍ um þjálfun barna og unglínga“. Sótt 1. nóvember 2017 af <https://www.ksi.is/fraedsla/ymsar-upplýsingar/stefnufirflýsing-ksi-um-thjalfun-barna-og-unglinga/>
- Körfuknattleikssamband Íslands (2011). „Lög“. Sótt 4. október 2017 af <http://www.kki.is/log-og-reglugerdir/log/>
- Körfuknattleikssamband Íslands (2017). „Afreksstefna KKÍ“. Sótt 18. júlí 2017 af <http://www.kki.is/landslid/yngrilandslid/afreksstefna/>
- Körfuknattleikssamband Íslands (e.d.). „Siðareglur“. Sótt 4. október 2017 af <http://www.kki.is/log-og-reglugerdir/sidareglur/>
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Lög um getraunir nr. 59/1972 með áorðnum breytingum.
- Lög um hlutafélög nr. 2/1995 með áorðnum breytingum.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 með áorðnum breytingum.
- Lög um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (jafnlaunavottun) nr. 56/2017.
- Lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976.
- Lög um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.
- Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar (2016). *Jafnréttisúttekt á þremur hverfisþróttafélögum í Reykavík*. Reykjavík: Höfundur.
- Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna (2011). „National Report submitted in accordance with article 15 (a) of the annex to the Human Rights Council resolution 5/1: Iceland. (Skýrsla Íslands vegna Universal Periodic Review 2011.) A/HRC/WG.6/12/ISL/1“. Sótt 10. september 2017 af [https://www.upr-info.org/sites/default/files/document/iceland/session\\_12\\_-\\_october\\_2011/ahrcwg.612isl1e.pdf](https://www.upr-info.org/sites/default/files/document/iceland/session_12_-_october_2011/ahrcwg.612isl1e.pdf)

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti (e.d.). *Stefnumótun Mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt 3. október 2017 af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/MRN-pdf/Stefnumotun\\_mrn\\_ithrottir\\_low.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/MRN-pdf/Stefnumotun_mrn_ithrottir_low.pdf)
- Oddný Mjöll Arnardóttir (1997). „Um gildissvið hinnar almennum jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar“, *Tímarit lögfræðinga* 47(2), 94 – 119.
- Ríkisskattstjóri (e.d.-a.). „Félagasamtök og önnur félög“. Sótt 1. nóvember 2017 af <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/felagasamtok-og-onnur-felog/>
- Ríkisskattstjóri (e.d.-b.). „Um almenn félagasamtök“. Sótt 1. nóvember 2017 af <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/felagasamtok-og-almenn-felog/almenn-felagasamtok/nr/277>
- Rannsóknamiðstöð Íslands (e.d.). „Íþróttasjóður“. Sótt 17. maí 2018 af <https://www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/ithrottasjodur/>
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum. C-deild stjórnartíðinda nr. 5/1985.
- Sigurður Á. Friðþjófsson (1994). *Saga íþróttanna í Reykjavík*. Reykjavík: Íþróttabandalag Reykjavíkur. Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
- Stjórnnarráðið (2017). „Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar“. Sótt 28. október 2017 af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/thingmalaskra/>
- Stjórnnarráðið (e.d.). „Kynjud fjárlagagerð“. Sótt 5. júní 2018 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnrretti/jafnrretti/kynjud-fjarlagagerd/>
- Ungmennafélag Íslands (2013a). „Reglugerð um lottótekjur og lottóúthlutunar“. Sótt 3. október 2017 af [http://docs.wixstatic.com/ugd/15590d\\_2bfff39665d94730a8fcec75a602b620.pdf](http://docs.wixstatic.com/ugd/15590d_2bfff39665d94730a8fcec75a602b620.pdf)
- Ungmennafélag Íslands (2013b). „Siðareglur UMFÍ“. Sótt 3. október 2017 af [http://docs.wixstatic.com/ugd/15590d\\_e0ea1310f97b44a5b81e09aaaa06a8c5.pdf](http://docs.wixstatic.com/ugd/15590d_e0ea1310f97b44a5b81e09aaaa06a8c5.pdf)
- Ungmennafélag Íslands (2015). „Lög UMFÍ“. Sótt 3. október 2017 af [http://docs.wixstatic.com/ugd/15590d\\_c16f7d37c6a44fd3b0b2cc10928631dd.pdf](http://docs.wixstatic.com/ugd/15590d_c16f7d37c6a44fd3b0b2cc10928631dd.pdf)
- Ungmennafélag Íslands (e.d.-a.). „Um landsmót“. Sótt 1. október 2017 af <http://www.umfi.is/landsmot>
- Ungmennafélag Íslands (e.d.-b.). „Sambandsaðilar“. Sótt 1. ágúst 2017 af <http://www.umfi.is/sambandsadilar>
- Utanríkisráðuneytið (e.d.). „Samningsafstaða Íslands vegna aðildarumsóknar að Evrópusambandinu“. Sótt 21. maí 2017 af [https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/ees\\_i/Samningsafstada-26.-kafli-IS---FINAL.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/ees_i/Samningsafstada-26.-kafli-IS---FINAL.pdf)
- Women on boards (2016). „Gender Equality on Global Sport Report“. Sótt 5. júní 2018 af <https://www.womenonboards.net/womenonboards-AU/media/AU-Reports/2016-Gender-Balance-In-Global-Sport-Report.pdf>
- Þingskjal 517 (1939). „Frumvarp til íþróttalaga“, *Alþingistíðindi A-deild*, 54. Sótt 5. október 2017 af <http://www.althingi.is/altext/54/s/pdf/0517.pdf>
- Þingskjal 194 (1991-1992). „Tillaga til þingsályktunar um eflingu íþróttaiðkunar kvenna“, *Alþingistíðindi A-deild*, 115. Sótt 5. október 2017 af <http://www.althingi.is/altext/115/s/0194.html>
- Þingskjal 61 (1995). „Tillaga til þingsályktuna um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna“, *Alþingistíðindi A-deild*, 120. Sótt 5. október 2017 af <http://www.althingi.is/altext/120/s/0061.html>
- Þingskjal 774 (1997-1998). „Frumvarp til íþróttalaga“, *Alþingistíðindi A-deild*, 122. Sótt 16. júlí 2017 af <http://www.althingi.is/altext/122/s/0774.html>
- Þingskjal 149 (2007-2008). „Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla“, *Alþingistíðindi A-deild*, 135. Sótt 5. október 2017 af <http://www.althingi.is/altext/135/s/0149.html>
- Þingskjal 1 (2016-2017). „Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017“, *Alþingistíðindi A-deild*, 146. Sótt 5. október 2017 af <https://www.althingi.is/altext/pdf/146/s/0001.pdf>
- Þingskjal 570 (2016-2017). „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt



- kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (jafnlaunavottun)<sup>6</sup>, *Alþingistíðindi A-deild*, 437. Sótt 16. júlí 2017 af <http://www.althingi.is/altext/146/s/0570.html>
- Þingskjal 1284 (2016-2019). „Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019“, *Alþingistíðindi A-deild*, 145. Sótt 7. október 2017 af <http://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/1640.pdf>
- Þórður Snær Júlíusson (2017). „Karlalandsliðið fékk 846 milljónir í bónus vegna EM“, *Kjarninn.is*, 2. apríl. Sótt 17. maí 2018 af <https://kjarninn.is/skyring/2017-02-04-karlalandslidid-fekk-846-milljonir-i-bonus-vegna-em/>
- Þórdís Lilja Gísladóttir (2006). *Hagrænt gildi íþróttar í íslensku nútímasamfélagi* (óbirt MA-ritgerð). Háskólinn á Bifröst, félagsvísinda- og lagadeild.
- Þórólfur Þórlindsson, Viðar Halldórsson, Jónas Hlynur Hallgrímsson, Daði Lárusson og Drífa Pálína Geirsdóttir (2015). *Íþróttir á Íslandi. Umfang og hagræn áhrif*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

